

Alþingi Efnahags- og viðskiptanefnd

Sent með tölvupósti á netfangið: nefnadasvid@althingi.is

Kópavogur, 29. október 2020.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt (milliverðlagning), 3. mál

Skatta- og lögfræðiráðgjöf Deloitte ehf. („**Deloitte**“) kom á framfæri ábendingum til fjármála- og efnahagsráðuneytisins þegar drög að þessu frumvarpi voru upphaflega lögð fram til umsagnar á samráðsgátt stjórnvalda. Þá kom Deloitte einnig á framfæri ábendingum þegar efnislega sama frumvarp var lagt fyrir Alþingi á síðasta löggjafarþingi nr. 150, sbr. þingmál nr. 594.

Frumvarpið tók, á síðasta löggjafarþingi, þó nokkrum breytingum til batnaðar eftir samráðsferli stjórnvalda, m.a. með lækkun á hámarki sekta og skyldu til frekari lækkunar ef fyrirtæki bæta úr annmörkum á skjölun innan tiltekins frests. Sektarmörkin hafa þó verið hækkuð aftur í því frumvarpi sem nú liggur fyrir, með þeim almennu rökum að hámarkssekt kunni að vera beitt ef brot hafa staðið yfir í mörg ár og verið gróf, án frekari útlistunar á því hvað gæti fallið undir gróf brot.

Þá hefur eftirfarandi málsliður verið felldur brott frá fyrra frumvarpi „*Sekt skal nema 3 millj. kr. hafi lögaðili ekki sinnt skjölunarskyldu sinni innan 45 daga.*“ Þrátt fyrir það er kveðið á um í greinargerð frumvarpsins að Skatturinn geti aðeins beitt lögaðila sektum ef hann hefur beint „*beiðni til lögaðila um aðgang að skjölunarskyldum gögnum og þeirri beiðni hefur ekki verið sinnt á fullnægjandi hátt innan tímamarka.*“ Umrædd tímamörk eru einmitt 45 dagar og því einkennilegt að ofangreindur málsliður hafi fallið brott, án frekari rökstuðnings í greinargerð.

Auk ofangreinds vill Deloitte nú, líkt og áður, ítreka tvo mikilvæga þætti. Annars vegar telur Deloitte tilefni þessarar lagasetningu nú sem áður vanreifaða. Greinargerðin rökstyður á engan mælanlegan máta að fyrirtæki séu að vanrækja skyldur sínar samkvæmt 5. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt (TSL) og þá hvort yfirleitt sé þörf á umræddri sektarbeitingu. Er þetta á skjön við *Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa*, þar sem segir að mat á nauðsyn lagasetningar eigi að stuðla að því að frumvörp séu byggð á sem bestum upplýsingum um forsendur.

Sambærileg sjónarmið voru lögð fram í umsögn Skattrannsóknarstjóra við þau frumvarpsdrög sem gerð voru upphaflega aðgengileg í samráðsgátt stjórnvalda, þar sem embættið lagðist gegn þessari sektartillögu. Kröfur um vandaða lagasetningu eiga sérstaklega við um „*nýbreytni í íslenskum skattarétti*“ eins og greinargerðin lýsir þessari heimild, sér í lagi núna í því óvissuástandi sem ríkir.

Þá eru þegar viðurlög til staðar í TSL, sem eru í formi beitingar álags ofan á vantalda skattstofna, sé milliverðlagningu ekki háttað í takt við lögin, og refsinga ef skattaðilar láta ekki tiltekin skjöl Skattinum í té. Um þetta var einnig fjallað ítarlega í áður nefndri umsögn Skattrannsóknarstjóra, en þar segir m.a. „*... og er því fyrir hendi refsíákvæði sem veitir aðhald hvað varðar skjölunarskyldu samkvæmt 5. mgr. 57. gr.*“

Deloitte.

Telur Deloitte því fullt tilefni vera til að staldra við og endurmeta þessar fyrirætlanir. Tekur Deloitte þar undir ábendingar Samtaka atvinnulífsins, sem lagðar voru fram í umsögn samtakanna við frumvarpsdrögin í samráðsgáttinni.

Hins vegar er það mat Deloitte, ef nefndin telur þörf á innleiðingu umrædds ákvæðis þrátt fyrir ofangreint, að taka verði skýrt fram að ákvæðið feli ekki í sér afturvirkni samanber áðurnefndar athugasemdir Samtaka atvinnulífsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Deloitte ehf.

Haraldur Ingi Birgisson,
Sviðsstjóri, skatta- og lögfræðiráðgjöf